

9.fundur stjórnar FSÍ, haldinn þriðjudaginn 12.nóvember, kl.17:00 í fundarsölum ÍSÍ, Engjavegi 6.

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Guðrún Harðardóttir meðstjórnandi og Jósep Húnfjörð gjaldkeri, Einar Ólafsson ritari. Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar, Sæunn Viggósdóttir, fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla og Olga Bjarnadóttir formaður tækninefndar í hópfimleikum. Jafnframt sat fundinn Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ, Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri fræðslumála og Sólveig Jónsdóttir sviðsstjóri landsliðsmála.

Sigurður Hrafn Pétursson, formaður tækninefndar karla og Halla Kari Hjaltested formaður tækninefndar kvenna, boðaði forföll. Jón Finnbogason, formaður laganefndar og Guðmundur Þór Brynjólfsson, formaður fræðslunefndar, voru boðaðir en þáðu ekki boðið að þessu sinni.

Dagskrá:

1.Erindi frá FFA vegna fararstjóra á Eurogym

13-18 júlí 2014 verður Eurogym haldið í Helsingborg í Svíþjóð, nú er forskráningu lokið og hafa 420 einstaklingar skráð sig sem er metþátttaka frá Íslandi. Stjórn FFA óskar eftir því að fá að senda 4 fararstjóra með hópnum fyrir hönd FSÍ.

f.h.FFA, Guðrún Tryggvadóttir

Formaður óskaði eftir afgreiðslu málsins yrði frestað til að aflu frekari gagna. Erindi frestað.

2.Tillaga sviðsstjóra landsliðsmála vegna NEM í áhaldafimleikum

Sviðsstjóri landsliðsmála setur fram eftirfarandi greinagerð.

Lögð er fram tillaga frá landsliðsþjálfurum kvenna, Guðmundi Þ. Brynjólfssyni og Söndru Dögg Árnadóttur, og ráðgefandi aðilum fyrir landslið karla, Sigurði H. Péturssyni, Guðmundur Þór Brynjólfsson og Birni M. Tómassyni. Þau hafa valið eftirfarandi einstaklinga til keppni á NEM 23-24.nóvember, í stafrófsröð:

Agnes Suto, Gerpla
Andrea Ingibjörg Orradóttir, Gerpla
Bjarki Ásgeirsson, Ármann
Guðrún Georgsdóttir, Stjarnan
Hróbjartur Pálmar Hilmarsson, Gerpla
Jón Sigurður Gunnarsson, Ármann
Pálmi Rafn Steindórsson, Gerpla
Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir, Gerpla
Sigurður Andrés Sigurðarson, Ármann
Thelma Rut Hermannsdóttir, Gerpla

Formaður FSÍ, Þorgerður L. Diðriksdóttir víkur af fundi. Einar Ólafsson, ritari FSÍ, tekur við fundarstjórn.

Greinagerð. Við valið var horft til hvernig best kæmi út ef horft er til liðakeppni, þannig að sem besta mögulega lið sé valið. Val á landsliði mun verða birt á vef sambandsins og í framhaldi af því verður haft samband við þá sem voru valin.

Málið rætt

Stjórn fimleikasambandsins samþykkir valið og felur framkvæmdastjóra og sviðsstjóra landsliðsmála klára málið.

Formaður FSÍ kemur aftur inn á fund og tekur aftur við stjórn.

Til kynningar

1. Bréf frá sænska fimleikasambandinu vegna breytingar á reglugerð Norrænu fimleikasambandanna.

Málinu vísað í dómaranefnd og óskað eftir álitum þeirra ásamt því að framkvæmdastjóra er falið að skoða fjárhagslega þætti þessa erindis.

Bókun.

A) Stjórn fimleikasambandsins óskar kvennalið Gerplu innilega til hamingju með norðurlandameistaratitil.

B) Stjórn fimleikasambandsins þakkar FIMAK fyrir þau tvö mót sem félagið hefur haldið í áhaldafimleikum, sem félagið hélt með miklum sóma.

C) Stjórn fimleikasambandsins vill lýsa ánægju sinni með útkomu bókarinnar um Fimleika og vill þakka Einari Ólafssyni sérstaklega fyrir hans framtak við að koma bókinni á laggirnar.

Fundi slitið kl. 17:35.